

24.nóvember 2004

Menntamálanefnd Alþingis.
Umsögn um tillögu til þingsályktunar um íþróttáætlun.

Í upphafi þessa bréfs vill stjórn Handknattleikssambands Íslands koma því á framfæri mikilvægi þess að ríkið geri áætlunir hvað varðar eflingu almennings og afreksíþróttar. Að öll börn hafi jafna möguleika á að stunda flestar íþróttir innan og utan skóla. Jafnramt verður gerð grein fyrir fjáröflun til íþróttamála og fjárframlag ríkisins við íþróttastarf og einstakar íþróttagreinar í landinu.

Sjálfbóðaliðastarf.

Nú er svo komið að sjálfbóðaliðastarf innan handknattleikshreyfingarinnar er unnið af færri einstaklingum en áður og er það vegna þess að rekstur íþróttafélaga hefur verið erfiður og mestur þungi starfsins farið í að afla peninga til rekstursins. Baklandið innan félaganna er miklu veikara en áður þar sem að sjálfbóðaliðar fást ekki til starfa fyrir íþróttafélögin.

Jöfnun ferðakostnaðar.

Varðandi jöfnun ferðakostnaðar þá er það mjög mikilvægt skref til þess að landsbbyggðarfélagin geti tekið þátt í Íslandsmótum. Mikilvægt er að setja skýrar reglur um það hvernig slíkur jöfnunarsjóður virkar og hvers konar íþróttaviðburðir eru styrkhæfir. Forgang ætti að hafa keppni í Íslandsmótum.

Afreksíþróttir.

Þegar horft er til afreksíþróttar þar sem að sérsamband eins og HSÍ heldur eingöngu uppi afreksstefnu þurfa að vera til styrkir sem hægt er að sækja um um leið og árangur næst. t.d taka öll landslið HSÍ þátt í forkeppnum Evrópu og Heimsmeistaramóta í sínum aldursflokkum og oft ná þessi lið áframhaldandi keppnisrétti og þegar að það gerist þá vantar fjármagn til þess að liðin geti tekið þátt í úrslitum þessara móta. HSÍ sótti t.d. um styrk í Afreksmannasjóð ÍSÍ fyrir 20 ára landslið pílta sem að varð Evrópumeistari árið 2003 og þurfti liðið að verja Evrópumeistaratitilinn nú í ágúst 2004 en enginn styrkur fékkst fyrir þetta lið þrátt fyrir að liðið væri að verja Evrópumeistaratitil. Engir styrkir eru fáanlegir frá alþjóðasamtökum okkar þannig að rekstur sérsambands eins og HSÍ er eingöngu fjármagnaður á Íslandi.

Skattaívilnanir.

Varðandi skattaívilnanir fyrir fyrirtæki sem styðja íþróttahreyfinguna þá teljum við það mjög jákvætt framtak þar sem að geysileg barátta er um samstarfsaðilana ekki bara innan íþróttahreyfingarinnar heldur eru fjölmiðlar farnir að gera út á þennan markað samanber kostun á sjónvarpsþáttum og ýmsum öðrum dagskráliðum.

Tillaga þessi til þingsályktunar er hið besta mál fyrir íþróttahreyfinguna og er tímabær til eflingar afreksíþróttar.

Með kveðju
Einar Þorvarðarson
Framkvæmdastjóri HSÍ

